

Myndbandið “Búfjártegundir á Íslandi í dag – berum þær aðeins saman”

Vísbendingar og ítarefni

Ath.: Best er að horfa fyrst á myndböndin fjögur um íslensku landnámskynin sem miðla grunnþekkingu, og eftir það á þetta samanburðarmyndband hér. Auk þess ætti að horfa á myndbandið “Án bænda væri Ísland tóm” um byggðarmál.

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- umfram hesta, kindur, geitur og kýr teljast hænsni og svín til búfjár á Íslandi í dag
- sumt er líkt, annað er mjög ólíkt
- það varðar bæði mismunandi heiti, líkamlega þætti (sem er ekki hægt að breyta) og þætti sem eru í höndum bóndans (þ.e. hann ræður þeim að mörgu leyti)
- oftast eru búfjártegundir bundnar ákveðnum búháttum
- hlutlausar tölur og staðreyndir í myndbandinu gera nemendum kleift að mynda sér sína skoðun sjálfir
- hluti af þessu öllu er samfélagslegt hlutverk íslenskra bænda – án bænda væri landið tóm (ólíkt mörgum öðrum löndum)
- lykilatriði: hver og einn neytandi (þ.e. nemandi/foreldrar hans!) ræður hvað honum líst best á og hvað hann vill styðja með því að kaupa afurðir

Þetta myndband er (ólíkt hinum) fullt af yfirlitstöflum og yfirlitsmyndum sem þarf að skoða og melta í rólegheitum. Í fljótu bragði eru það “bara einhverjar tölur”, en við nánari tilhugsun segja þessar tölur sína sögu um hverja og eina tegund og um daglega lífið hennar í íslenskum landbúnaði. Auk þess er skemmtilegt að bera saman mismunandi lítaheiti (þótt liturinn sé í rauninni eins) og líkamlega eiginleika eins og eyru eða tennur.

Áherslur á búfjártegundum eru misjafnar eftir löndum og byggja oftast á langri hefð og staðhættum. Þannig var það líka á Íslandi fram á 1980–90.

Aðalmjólkurðýrin voru fyrst ær, en upp úr 1920 kýr; aðalkjöldýrin voru kindur (lömb og fullorðið fé) og í minna mæli nautgripir. Sums staðar voru auk þess geitur, í seinni tíð aðallega til gamans. Hestar voru og eru með sérstöðu – fyrst sem ómissandi farartæki, seinna til yndisauka og í sérhæfð hlutverk eins og smalamennsku, en “framleiðsluvörur” eins og hrosshár eða kjöt hafa einungis verið hlíðarafurðir. Hænsni voru til á mörgum bæjum til eggjaframleiðslu, en bara í litlum mæli; egg frá villtum fuglum komu oftast í staðinn fyrir hænuegg.

Allar þessar tegundir aðlöguðust íslenskum aðstæðum í gegnum aldir. Landnámssvín dóu hins vegar út á 16. öld og ekki fyrr en um eða eftir aldamótin 1900 voru í smáum stíl aftur ræktuð svín af innfluttum stofni eftir erlendri fyrirmynd. Kjúklingakjöt og svínakjöt skiptu engu eða mjög litlu máli í íslenska samfélaginu fram á u.þ.b. 1980.

Kjúklinga- og svínaframleiðsla er annars eðlis en búskapur með íslensku landnámskynin. Enn í dag er mikill munur á fjölda viðkomandi bænda – til dæmis eru u.þ.b. hundrað sinnum fleiri sauðfjárbændur á Íslandi (um 2.000) en svínabændur (innan við 20); en fjöldinn ræður í hversu miklum mæli viðkomandi hópur hefur bein áhrif á samfélagið í landsbyggðinni.

Hér er um afar viðkvæmt og vandmeðfarið efni að ræða sem er samt mikilvægt að skoða. Það er ákvörðun hvers og eins bónda hvaða tegund/ir hann vill búa með. Á sama tíma er það líka

ákvörðun hvers og eins neytanda hvaða vörur úr hvaða búfé hann vill kaupa; þar með er það hann sem ræður hvaða búhætti hann list best á og vill styðja með því að kaupa afurðir.

Það er lykilatriði fyrir nemendur að gera sér grein fyrir þetta samhengi. Þeir ráða.

Einnig er mikilvægt þótt það komi ekki beint fram í myndbandinu: *Búhættir erlendis eru mjög oft allt öðruvísi en á Íslandi*. Ekki síst í ESB fer framleiðslan oft fram á mjög stórum búum þar sem persónulegt samband á milli manns og búfjár skiptir engu máli. Þessir búhættir hafa verið mjög umdeildir og þeir eru ein ástæðan fyrir því að “vegan-hreyfingin” ruddi sér til rúms, sérstaklega meðal ungs fólks. Íslenskir neytendur sem kaupa t.d. innflutt kjöt, styðja þessa umdeilda framleiðslu erlendis og veikja á sama tíma afkomu íslenskra bændur sem byggja búskapinn sinn á nánum tengslum við dýrin sín. **Myndböndin þrjú “Of dýrt?”, “Án bænda væri Ísland tóm” og “Að velja íslenskt? Ekkert mál” fjalla ítarlega um þessi mál.**

*En neytendur sem kaupa engar dýraafurðir, þótt þær séu íslenskar, veikja samt afkomu íslenskra bænda – og stefna þar með í voða rótgrónum búskaparhættum sem byggja á samspili manns, búfjár og náttúru. Dæmi: Ef enginn myndi kaupa lamba- eða kindakjöt, myndi íslenskt sauðfé í sinni núverandi mynd að deyja út. Það má segja: **“Þú bjargar framtíð lambanna með því að borða lambakjöt!”***

Meira um efnið:

- Mælaborð landbúnaðarins – tölfræði í kringum landbúnað síðan 1981 (Atvinnuvegaráðuneytið): <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/landbunadur/maelaborð-landbunadarins/#Tab3> (ýta á táknmyndina – eftir það er hægt að velja mismunandi þætti)
- Fjársjóður-myndband: Án bænda væri Ísland tóm
- Fjársjóður-myndband: Að velja íslenskt? Ekkert mál – ef þú ert vel læs ...
- Fjársjóður-myndband: Of dýrt? Hver ræður matvælavæðinu í búðinni?
- Fjársjóður-kennarablað: Viðkvæmar spurningar

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvað kom ykkur mest á óvart?
- Ef þið hugsið um hvað þið borðið reglulega – hvern styðjið þið með því?
- Og öfugt – er eitthvað sem þið borðið ekki sem íslenskir bændur framleiða?
- Ætlið þið að breyta einhverju núna þegar þið kaupið mat? Ef já, hvað og af hverju?
- Ímyndum okkur að þið ætlið að verða bóndi. Með hvaða búfé viljið þið búa helst? Af hverju?

Gaman væri að heyra svörin við síðustu spurninguna – með því að senda okkur tölvupóst. Eins ef þú ert með athugasemdir eða spurningar – hafðu samband: forvitni@forvitni.net